



## Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 30. ágúst 2024 kl. 17:00.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður og Sveinn Þórarinsson byggingarfulltrúi. Í fjarsambandi voru Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir.

Verkefni fundarins er að gera grein fyrir stöðunni á þeim skipulagsverkefnum sveitarfélagsins sem eru í afgreiðsluferli hjá Skipulagsstofnun.

### 1. Aðalskipulagsbreyting. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 22. ágúst.

Í því kemur fram: *Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem bregðast þarf við áður en stofnunin staðfestir aðalskipulagsbreytinguna. Setja þarf inn endanlega greinargerð og uppdrætti til staðfestingar á Skipulagsgáttina með breytingardagsetningu og útlistun á uppfærslum þar sem við á. Byggingar- og skipulagsfulltrúi hefur þegar orðið við þessu. Einnig segir í bréfinu: Minnt er á að áður en stofnunin getur staðfest aðalskipulagsbreytinguna þurfa að berast tvö undirrituð eintök af skipulagsgögnum og sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.*

### 2. Valþjófsstaðamelar. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 22. júlí.

Í því kemur fram: *Stofnunin mun ganga frá skjölum málsins og birta það í skipulagsvefsjá þegar undirrituð gögn hafa borist til stofnunarinnar og afmörkun skipulagssvæðisins á stafrænu formi hefur borist í Skipulagsgátt. Skipulagsstofnun minnir á að birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda, innan árs frá því að athugasemdafresti við deiliskipulagstillögu lauk. Samsvarandi breyting á aðalskipulagi þarf að hafa öðlast gildi áður en deiliskipulagið verður birt í B-deild.*

### 3. Hamborg. Kynnt uppkast að bréfi til Skipulagsstofnunar.

Í bréfinu er óskað eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar á tillögu að deiliskipulagi í landi Hamborgar, sem var samþykkt í byggingar- og skipulagsnefnd 9. ágúst og í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þann 13. ágúst sl. Fylgiskjöl með bréfinu eru öll skjöl sem orðið hafa til við málsmeðferðina og varða málið.

### 4. Víðivellir ytri II. Kynnt uppkast að bréfi til Skipulagsstofnunar.

Í bréfinu er óskað eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Víðivelli ytri 2, sem samþykkt var í byggingar- og skipulagsnefnd 9. ágúst og í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þann 13. ágúst sl. Fylgiskjöl með bréfinu eru öll skjöl sem orðið hafa til við málsmeðferðina og varða málið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:50.

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson